


LÖGMANNABLAÐIÐ

15. árgangur | október | 3/2009

Með lögum skal land vort byggja
en með ólögum eyða



**Mikil áhrif efna-
hagshrunsins á
störf lögmanna**
Niðurstöður
könnunar



**Eru verkefni
framundan
réttarkerfinu
ofviða?**
Hringborðsumræður



**Reynslan af
sáttamiðlun í
einkamálum**
Helgi I. Jónsson
skrifar



Lögmannafélag
Íslands



Efnisyfirlit

Af vettvangi félagsins

Borgar Þór Einarsson:
Frá ritstjóra 4

Ingimar Ingason:
Innheimtulög og efling dómstóla ásamt fleiru 10

Lárentsínus Kristjánsson:
Pistill formanns 21

Eyrún Ingadóttir:
Fréttir frá félagsdeild 22

Umfjöllun

Könnun Lögmannablaðsins:
Mikil áhrif efnahagshrunsins á störf lögmannna 6

Hringborðsumræður:
Eru verkefni framundan réttarkerfinu ofviða?
Brynjar Nielsson, Sigurður Tómas Magnússon,
Sigríður Friðjónsdóttir og Arnar Þór Jónsson
ræða við Borgar Þór Einarsson um réttarríkið. 12

Að efla rétt og hrinda órétti?
Gestur Jónsson, Sigríður Rut Júlíusdóttir
og Eiríkur Tómasson svara spurningunni
hver sé frumskylda lögmannna. 18

Helgi I. Jónsson:
Reynslan af sáttamiðlun í einkamálum 26

Á léttum nótum

Mikil aðsókn á hdl. námskeið 15

Úr myndasafni:
Söguleg stund: Tvær konur í stjórn LMFÍ 16

Kleinufundir 17

Af Merði lögmanni 23

Gott golfsumar að baki 24

Lögmannafélag Íslands
Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Sími: 568 5620, Fax: 568 7057
Netfang: lmfi@lmfi.is
Heimasíða: www.lmfi.is

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMAÐUR:
Borgar Þór Einarsson hdl.

RITSTJÓRN:
Ingvi Snær Einarsson hdl.
Katrín Helga Hallgrímsdóttir hdl.

BLAÐAMAÐUR:
Eyrún Ingadóttir

STJÓRN LMFÍ:
Lárentsínus Kristjánsson hrl. formaður
Hildur Friðleifsdóttir hdl., varaformaður
Heimir Örn Herbertsson hrl., ritari
Katrín Helga Hallgrímsdóttir hdl.,
gjaldkeri
Hörður Felix Harðarson hrl.,
meðstjórnandi.

STARFSMENN LMFÍ:
Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri.
Eyrún Ingadóttir, félagsdeild.
Hjördís J. Hjaltadóttir, ritari.

FORSÍÐUMYND:
Réttlætisgöðjan.
Ljósmynd: Eyrún Ingadóttir og Hjördís
J. Hjaltadóttir.

Blaðið er sent öllum félagsmönnum.

Ársaskrift fyrir utanfélagsmenn
kr. 2000,- + vsk.
Verð pr. tölublað kr. 700,- + vsk.

NETFANG RITSTJÓRNAR:
ritstjori@lmfi.is

PRENTVINNSLA:
Litlaprent


UMSJÓN AUGLÝSINGA:
Öflun ehf.
Sími 533 4440.
ISSN 1670-2689



KAWAI
PIANOS

Glæsilegt úrval

Landsins mesta úrval af
píanóum í öllum verðflokkum.
Hjá okkur færðu faglega þjónustu,
byggða á þekkingu og
áratuga reynslu.



TÓNASTÖÐIN

Allt fyrir tónlistarmanninn



Borgar Þór Einarsson hdl.

Styrkja þarf stoðirnar

Ár er nú liðið frá hruni bankanna. Slíkt kerfishrun hefði víða leitt til fullkominnar upplausnar. Víst er að fyrstu vikurnar og mánuðina eftir hrunið komst íslenskt samfélag nær slíkri upplausn en nokkurn tímann áður á lýðveldistímanum. Skipulagðar óeirðir, árásir á opinberar byggingar og heimili fólks og sjálftaka í nafni „réttlætis“ - allt hefur þetta reynt mjög á grunnstoðir samfélagsins. Að ári liðnu er ljóst að umgjörð samfélagsins hefur staðist þessa áraun. Framundan eru þó erfið verkefni og áfram mun hrikta í stoðunum. Þegar allt er á hverfanda hveli verður samfélagið að treysta á umgjörðina, réttarríkið, og þá sem þar leika lykilhlutverkið.

Efnahagslegir erfiðleikar á öllum tímum og hvarvetna valda því að tiltrú fólks á skipan mála og stofnanir samfélagsins minnkar. Í hringborðsumræðum, sem Lögmannaþingið efndi til á dögunum og fjallað er um í blaðinu nú, var spurt hvort vantraust almennings á grunnstofnanir samfélagsins væri ógn við réttarríkið og hvort slíkt vantraust ætti að einhverju leyti rétt á sér. Íslenskt réttarkerfi hefur aldrei staðið frammi fyrir viðlíka verkefni og nú blasir við. Var það samdóma álit þeirra sem komu að hringborðinu að efla þyrfti bæði ákærvald og dómstóla til að takast á við það verkefni.

Þau sjónarmið sem fram komu í hringborðsumræðunum eru auðvitað

ákall til stjórnvalda um að styrkja þær stoðir sem réttarríkið hvílir á. Að óbreyttu er veruleg hættu á því að réttarkerfið muni ekki hafa bolmagn til að komast í gegnum þann skafli sem framundan er. Það er allra hagur að öll mál séu sótt, varin og dæmd eins vel og mögulegt kann að vera – á þessu byggir réttarríkið. Ef verkefni eru dómstólum og ákærvaldi ofviða þá er réttarríkið í hættu.

Á þessum vettvangi hefur verið fjallað um hið mikilvæga hlutverk sem lögmenn gegna við að sporna gegn upplausn í samfélaginu og standa vörð um meginreglur réttarríkisins. Fullyrða má að aldrei hafi verið mikilvægara en nú að stétt lögmanna nyti trausts og virðingar í samfélaginu. Lögmannaþingið birtir nú niðurstöður könnunar meðal félagsmanna LMFÍ þar sem fram kemur að þriðjungur félagsmanna telur ímynd lögmanna neikvæða. Þótt erfitt sé að fullyrða um hvaða ímynd lögmannaþinginn hefur meðal fólks í landinu, þá er ástæða til að taka þessar niðurstöður alvarlega.

Strangar siðareglur lögmanna eru ekki settar af tilviljun heldur endurspeglar þær hið mikilvæga hlutverk sem þeir hafa með höndum í réttarríkinu. Það er verðugt verkefni fyrir þá sem eru í fyrirsvari fyrir lögmannaþingina að gera sérstakt átak í því að kynna fyrir almenningsi þær siðareglur sem leggja grunn að öllum störfum lögmanna. Það myndi ekki einungis auka skilning almennings á því hlutverki sem lögmenn gegna heldur myndi aðhald að störfum þeirra aukast og vonandi verða á skynsamlegri forsendum en oft vill verða í umræðunni.

Framundan eru verkefni fyrir íslenskt réttarkerfi sem eru í senn mikilvæg og vandasöm. Stjórnvöld verða að gera sitt til að styrkja réttarkerfið þannig að það sé í stakk búið til að sinna þessum verkefnum. Lögmenn mega heldur ekki láta sitt eftir liggja í því að styrkja tiltrú almennings á störf stéttarinnar og auka skilning á því mikilvæga hlutverki sem þeir gegna í þessum verkefnum.



Rannsókn á misferli



Fjársvik og misferli af ýmsum toga er oft fylgifiskur breytilegs viðskiptaumhverfis og er ógn við heilbrigðan fyrirtækjarekstur. KPMG aðstoðar skiptastjóra og lögmenn við rannsókn á meintu misferli.

Nánari upplýsingar veitir:

Helga Harðardóttir

s. 545 6204, hhardardottir@kpmg.is

kpmg.is

AUDIT ■ TAX ■ ADVISORY



RENATA ERLENDSSON
löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi
certified translator & court interpreter

ÞÝSKA- ENSKA- RÚSSNESKA
GERMAN - ENGLISH - RUSSIAN



Renata ehf, þýðingar og túlkun
Hafnarstræti 20, 101 Reykjavík
E-mail: renata@tv.is

Símar: 557 2830 h + 562 2562 v
GSM: 898 0904 + Fax: 562 2517

LAGADEILD

HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

LÁTTU TIL ÞÍN TAKA!

Laganám við HR miðar að því að útskrifa framúrskarandi lögfræðinga sem láta til sín taka í íslensku og alþjóðlegu samfélagi.

- 3ja ára grunnnám til BA-gráðu.
- 2ja ára framhaldsnám til meistara-gráðu.

Kynntu þér metnaðarfullt og nútímalegt laganám á www.hr.is



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Mikil áhrif bankahrunsins á störf lögmanna


30% lögmanna segja starf sitt hafa breyst í kjölfar efnahagshrunsins, 28% að vinnuálag hafi aukist, 21% að vinnustundum hafi fjölgað og 27,6% segja að laun þeirra hafi lækkað. Þetta kemur m.a. fram í niðurstöðum könnunar sem gerð var meðal félagsmanna Lögmannafélags Íslands í september síðastliðnum.

Innanhúslögmenn fara verr út úr hruni

Efnahagshrunið hefur haft áhrif á vinnuumhverfi 56,4% lögmanna sem svöruðu könnun Lögmannaþlaðsins, þar af hafa 5% svarenda misst vinnu af þess völdum. Innanhúslögmenn hafa farið mun verr út úr hruninu þar sem 66% svarenda hafði orðið fyrir barðinu á því á móti 50% lögmanna á stofum. Þar af hafði starf breyst hjá 55% innanhúslögmannna, þriðjungur sagði vinnustundum hafa fjölgað og hjá tæplega helmingi hefur vinnuálag aukist. Þá sögðust 64% hafa lækkað í launum. Einungis átta af 138 innanhúslögmönnum hafa hækkað í launum. Þessar breytingar virðast hafa gengið jafnt yfir alla, burt séð frá kyni, aldri eða starfsaldri.

Lögmenn fjármálafyrirtækja, fjárfestinga- eða tryggingafélaga

Nokkrar breytingar hafa orðið á starfsvettvangi innanhúslögmannna síðan árið 2007. Þá starfaði helmingur þeirra hjá fjármálafyrirtækjum, fjárfestinga- eða tryggingafélögum en nú sögðust 43,5% starfa þar. Alls höfðu 26 af 60 lækkað í launum, eða 43%, á meðan sjö hafa hækkað í launum, eða 12%. Á



sama tíma hefur vinnutími lengst hjá þriðjung þessa hóps og vinnuálag hjá 43%. Einungis þrír höfðu misst vinnu vegna hrunsins.

Lögmenn ráðuneyta, sveitarfélaga eða opinberra stofnana

Af 41 lögmanni sem starfar hjá ráðuneytum, sveitarfélögum eða opinberum stofnunum hafa 23 lækkað í launum, eða 56%, á meðan einn hefur hækkað í launum. Vinnustundum hefur fjölgað

hjá fjórðungi þessara lögmanna og vinnuálag aukist hjá þriðjung þeirra. Einungis einn hafði misst vinnu vegna hrunsins.

Lögmenn á lögmannsstofum

239 lögmenn á lögmannsstofum svöruðu könnun Lögmannaþlaðsins af 482, en einungis 26% þeirra sögðu starf sitt hafa breyst á móti 50% innanhúslögmannna. 19% sögðu vinnustundum hafa fjölgað en 26% að vinnuálag hefði aukist. Tæplega 17% hafa lækkað í launum, en laun 6% hafa hækkað.



Efnahagshrunið hefur greinilega komið meira við sjálfstætt starfandi lögmenn en fulltrúa því hjá 22% þeirra hafa laun lækkað á móti aðeins 2% fulltrúa. Laun 6,5% sjálfstætt starfandi lögmanna hafa hækkað í kjölfar hrunsins en vinnuálag hefur aukist hjá 29%, vinnustundum fjölgað hjá 20% og starfið breyst hjá 28%. Laun hafa lækkað mest hjá þeim lögmönnum sem starfa undir „regnhlíf“, þ.e.a.s. starfa fyrir eigin reikning en eru með sameiginlegt skrifstofuhald með öðrum lögmönnum eða hjá 35% þeirra, og hjá einyrkjum 32%. Einungis 9% lögmanna sem starfa á lögmannstofu þar sem tveir eða fleiri lögmenn eru með sameiginlegan rekstur, hefur lækkað í launum í kjölfar hrunsins.

Annað

32% lögmanna á lögmannstofum hafa starfað sem innanhúslögmenn - 45% innanhúslögmanna hafa starfað á lögmannstofum. Um þriðjungur svarenda höfðu lokið framhaldsnámi eftir embættispróf í lögfræði og þar af flestir LL.M gráðu.

Hvað sögðu lögmenn?

Lögmönnum gafst kostur á að koma með athugasemdir varðandi spurningu um efnahagshrunið. Hér koma nokkrar þeirra:

- Almennur samdráttur samfélagsins kemur fram í því að síður er leitað lögmannaástoðar.
- Auknar afskriftir á viðskiptakröfum.
- Erfiðara að fá greitt. Fleiri stundir í súginn því fólk hefur ekki efni á þjónustunni.
- Innheimtur ganga verr og greiðsla reikninga fyrir lögmansþjónustu er hægari.
- Mikil vinnuaukning og álag, skert laun.
- Fyrirsjáanleg kjaraskerðing á næstu mánuðum.


Þriðjungur lögmanna telur ímynd lögmanna í samfélaginu vera jákvæða eða frekar jákvæða og sama hlutfall telur hana vera neikvæða eða mjög neikvæða. Athugasemdir komu meðal annars um að tiltölulega fáir kæmu óorði á stéttina og ímynd lögmanna væri frekar neikvæð þessa dagana vegna umræðu um innheimtulögmenn og skilaneftarmenn. Einnig kom

athugasemd um að ímynd lögmanna hefði beðið hnekki í kjölfar efnahagshrunsins þó mikilvægi þeirra hefði sjaldan verið eins mikið.

Að lokum voru lögmenn spurðir um hvort þeir læsu eða flettu yfir Lögmannablaðið og það gerðu allir með tölu.


EI

Starfsaldur lögmanna




Í innri hring er starfsaldur innanhúslögmanna og ytri hring starfsaldur lögmanna á stofum. Athyglisvert er að 28,57% lögmanna á stofum og 21,74% innanhúslögmanna eru með innan við fimm ára starfsreynslu.

Staða innanhúslögmanna



Staða lögmanna á lögmannstofum



Niðurstöður könnunar Lögmannaþlaðsins 2009

Stundað framhaldsnám eftir embættispróf í lögfræði?	Lögmenn á stofum	Innanhúslögmenn	Allir lögmenn
a) Já	(32%) 76	(35%) 47	(33%) 123
b) Nei	(68%) 161	(65%) 88	(67%) 249
Samtals	(100%) 237	(100%) 135	(100%) 372
Hvað vinnur þú að jafnaði marga tíma á viku?			
a) meira en 50 tíma	(34%) 80	(32%) 44	(33%) 124
b) 40-50 tíma	(51%) 120	(59%) 81	(54%) 201
c) 30 - 40 tíma	(10%) 24	(8%) 11	(9%) 35
d) 20-30 tíma	(2%) 6	(1%) 1	(2%) 7
e) 20 tíma eða minna	(3%) 7	0	(2%) 7
Samtals	(100%) 237	(100%) 137	(100%) 374
Hve lengi hefur þú starfað sem lögmaður?			
a) Yfir 20 ár	(25%) 60	(14%) 19	(21%) 79
b) 10-20 ár	(24%) 58	(30%) 42	(27%) 100
c) 5 -10 ár	(22%) 52	(34%) 47	(26%) 99
d) Innan við 5 ár	(29%) 68	(22%) 30	(26%) 98
Samtals	(100%) 238	(100%) 138	(100%) 376
Hverja telur þú ímynd lögmanna í samfélaginu vera?			
a) Jákvæða	(4%) 9	(4,5%) 6	(4%) 15
b) Frekar jákvæða	(28%) 68	(30%) 42	(29%) 110
c) Hvorki né	(34%) 82	(36%) 49	(35%) 131
d) Neikvæða	(28%) 66	(25%) 35	(27%) 101
e) Mjög neikvæða	(3%) 6	(1,5%) 2	(2%) 8
f) Athugasemdir	(3%) 8	(3%) 4	(3%) 12
Samtals	(100%) 239	(100%) 138	(100%) 377
Ertu hlynnt/ur eða andvíg/ur skylduaðild að LMFÍ?			
a) Hlynnt/ur	(69%) 164	(50%) 68	(62%) 232
b) Andvíg/ur	(19%) 45	(24%) 33	(21%) 78
c) Hef ekki skoðun	(11%) 27	(24%) 32	(16%) 59
d) Athugasemdir	(1%) 1	(2%) 3	(1%) 4
Samtals	(100%) 237	(100%) 136	(100%) 373
Ertu ánægð/ur eða óánægð/ur með störf stjórnar LMFÍ?			
a) Mjög ánægð/ur	(6%) 14	(4%) 6	(5%) 20
b) Ánægð/ur	(31%) 75	(30%) 40	(31%) 115
c) Hvorki né	(45%) 107	(55%) 74	(48%) 181
d) Óánægð/ur	(13%) 30	(8%) 11	(11%) 41
e) Mjög óánægð/ur	(3%) 8	(2%) 3	(3%) 11
f) Athugasemdir	(2%) 4	(1%) 2	(2%) 6
Samtals	(100%) 238	(100%) 136	(100%) 374

Hlynt/ur eða andvíg/ur skylduendurmenntun lögmanna?	Lögmenn á stofum	Innanhúslögmenn	Allir lögmenn
a) Hlynt/ur	(33%) 78	(46%) 63	(38%) 141
b) Andvíg/ur	(45%) 107	(33%) 46	(41%) 153
c) Hef ekki skoðun	(20%) 46	(17%) 23	(19%) 69
d) Athugasemdir	(2%) 4	(4%) 5	(2%) 9
Samtals	(100%) 235	(100%) 137	(100%) 235
Hefur þú sótt námskeið á vegum LMFÍ sl. tvö ár?	Lögmenn á stofum	Innanhúslögmenn	Allir lögmenn
a) Já	(65%) 152	(55%) 75	(61%) 227
b) Nei	(35%) 84	(45%) 61	(39%) 145
Samtals	(100%) 236	(100%) 136	(100%) 372

Námskeið haustannar

Námskeið haustannar

Áfrýjun og flutningur einkamáls fyrir Hæstarétti 27.okt.

Á námskeiðinu verður farið í tilgang áfrýjunar, form og efni áfrýjunarstefna, kröfugerð, gerð málgagna (ágríps) og öflun nýrra gagna, þ.m.t. vitnamál, form og framsetning greinargerðar, undirbúningur málflytninga, málflytningurinn sjálfur, dómsuppkvaðning, uppgjör dómkragna og kynning á niðurstöðu dóms fyrir umbjóðanda, óskráðar hegðunarreglur sem gilda í málflytningi fyrir Hæstarétti, samskiptareglur lögmanna við umbjóðanda sinn, við lögmann gagnaðila, ásamt samskiptum lögmanna við fjölmiðla.

Kennari Hákon Árnason hrl. hjá LOGOS og Garðar Gíslason hæstaréttardómari.
Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
Tími Þriðjudagur 27. október 2009, 16:00-19:00.
Verð Kr. 22.500,- en fyrir félaga í félagsdeild kr. 18.000,-

Námskeið haustannar

Námskeið haustannar

Súkkulaði í allri sinni dýrð 12. nóv. og 19. nóv.

Smökkunarnámskeið með súkkulaðikonnessör

Þátttakendur námskeiðsins verða leiddir inn í undraheim súkkulaðisins. Farið verður yfir sögu súkkulaðis, hvaðan baunirnar koma og hvernig súkkulaði er búið til. Smakkaðar verða ýmsar tegundir og bragðgæðin könnuð. Rannsóknir hafa leitt í ljós að neysla súkkulaðis veitir okkur svipaða vellíðunartilfinningu og ástin. Það er því eins með ástina og súkkulaðið, það þarf að vanda valið vel!

Kennari Viggó Vigfússon, meistarakokkur úr íslenska kokkalandslíðinu.
Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
Tími Fimmtudagur 12. nóvember 2009 kl. 17:00-19:00.
Tími Fimmtudagur 19. nóvember 2009 kl. 17:00-19:00.
Verð Kr. 5.000,- en fyrir félaga í félagsdeild kr. 4.000,-

Þýðingar og textaráðgjöf

Löggiltar og almennar þýðingar.
Dóm- og skýrslutöktutúlkun.

Ellen Ingvadóttir

Löggiltur dómþulkur og skjalabyðandi.
Brautarholti 28 • 105 Reykjavík

sími: 562-6588
brefsími: 562-6551
GSM: 897-2717

netfang: ellening@simnet.is



Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri

Innheimtulög og efling dómstóla ásamt fleiru

Mismunandi túlkun á inntaki innheimtulaga

Ljóst er að ágreiningur er uppi um túlkun á inntaki innheimtulaga nr. 95/2008 og eftir atvikum reglugerðar nr. 37/2009 um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar o.fl. Þetta kom berlega í ljós á fundi sem Lögmannafélagið stóð fyrir þann 28. ágúst s.l., þar sem talsmaður neytenda og lögmenn skiptust á skoðunum um inntak reglanna og túlkun einstakra ákvæða.

Stjórn Lögmannafélags Íslands hafði reyndar varað við óskýrleika laganna með bréfi til viðskiptaráðuneytisins dags. 2. febrúar s.l. Í bréfinu óskaði félagið jafnframt eftir nánari leiðbeiningum um túlkun reglnanna með það fyrir augum að komast hjá fyrir-sjáanlegum ágreiningi við framkvæmd þeirra. Engin svör bárust hins vegar frá ráðuneytinu en í kjölfar fundarins með talsmanni neytenda var beiðni félagsins ítrekuð, enda er það mat stjórnar Lögmannafélagsins að félagið geti ekki, miðað við núverandi aðstæður, sinnt eftirlitshlutverki með lögmönnum á grundvelli 2. mgr. 15. gr. innheimtulaganna með viðunandi hætti, né gefið út reglur um slíkt eftirlit samkvæmt 3. mgr. sömu greinar. Í bréfinu er einnig skorað á ráðuneytið að beita sér fyrir tillögum um breytingar á innheimtu-

lögnum þar sem m.a. verði sett inn skýrari ákvæði um upphaf löginneimtu, auk lagfæringa á villum sem finna má í lögnum. Jafnframt hefur Lögmannafélagið lýst sig reiðubúið til samstarfs við mótun skýrari innheimtureglna og leggur til við ráðuneytið að myndaður verði sérstakur vinnuhópur með þátttöku fulltrúa ráðuneytisins, lögmanna, talsmanns neytenda og e.t.v. fleiri aðila.

Lækkun tímagjalds til verjenda- og réttargæslumanna

Með reglugerð dómsmálaráðuneytisins nr. 715/2009 var tímagjald þóknunar til verjenda og réttargæslumanna lækkað úr kr. 11.200 niður í kr. 10.000. Fyrir setningu reglugerðarinnar hafði stjórn Lögmannafélagsins reyndar fengið í hendur drög að reglugerðinni til umsagnar og kom stjórnin sjónarmiðum sínum á framfæri með bréfi til ráðuneytisins dags. 10. ágúst s.l.

Í bréfi félagsins var bent á að reglugerðardrögin fælu í sér ríflega 10% lækkun tímagjalds fyrir verjenda- og réttargæslustörf lögmanna frá því sem ákveðið var í viðmiðunarreglum dómstólaráðs nr. 3/2007. Benti félagið á þá staðreynd að þóknun til lögmanna fyrir umrædd störf hafi ekki hækkað í

samræmi við vísitölubreytingar á árinu 2008, þrátt fyrir að í reglum dómstólaráðs sé kveðið á um slíka hækkun. Því hafi verjendur og réttargæslumenn í raun þegar tekið á sig 10% skerðingu þóknunar. Með frekari lækkun þóknunar væri skerðingin því umtalsvert meiri en aðrar starfsstéttir hafa þurft að taka á sig í kjölfar efnahagshrunsins hér á landi. Það er skemmst frá því að segja að ekki var tekið tilliti þessara sjónarmiða félagsins og tók umrædd reglugerð gildi 20. ágúst s.l.

Í framhaldi af gildistöku reglugerðarinnar ritaði stjórn Lögmannafélagsins dómsmálaráðherra bréf þar stjórnarmið félagsins voru áréttuð og jafnframt ítrekað inntak bréfs stjórnar félagsins til ráðuneytisins, dags. 24. júlí 2008, vegna fyrirætlana þess um lækkun kostnaðar við rekstur sakamála og opinbera réttaraðstoð. Í því bréfi var m.a. bent á nauðsyn þess að skoða einnig kostnað vegna annarra aðila en lögmanna sem koma að meðferð opinberra mála, bæði á rannsóknarstigi og fyrir dómi. Í þessu bréfi lagði Lögmannafélagið ríka áherslu á að málið yrði unnið af yfirvegun og að tryggt væri að réttaröryggi borgaranna yrði ekki stefnt í hættu. Var m.a. vísað til þess að íslensk stjórnvöld væru bundin af alþjóðlegum mannréttindasáttmálum, m.a. Mannréttindasáttmála Evrópu, og að þær aðgerðir sem

ráðuneytið gripi til mættu ekki vera til þess fallnar að brjóta gegn þessum grundvallar reglum.

Í ljósi þess að ábendingar félagsins hafa verið virtar að vettugi, óskaði stjórn félagsins eftir því við ráðuneytið að það upplýsti hversu mikla skerðingu aðrir fagaðilar sem koma að meðferð opinberra mála, bæði á rannsóknarstigi og fyrir dómi, hafa þurft að sæta á tímabilinu 2007 til 2009. Tekur beiðni félagsins m.a til upplýsinga um dómara og annað starfslið dómstóla, saksóknara, sýslumannsembættta, lögreglu, skjalapýðenda, dómtúlka, sálfræðinga, geðlækna, rannsóknarstofa og annarra sem þjónustu veita við rannsókn opinberra mála.

Nauðsyn eflingar íslenskra dómstóla

Nýlega ritaði stjórn Lögmannafélags Íslands bréf til dómismálaráðherra þar sem félagið deilir áhyggjum með dómstólaráði vegna stöðu íslenskra dómstóla við úrlausn mála tengdum hrúni íslensku bankanna, sem búast megi við að verði fyrirferðarmikil í dómsterfinu næstu misseri og ár.

Í bréfinu vekur stjórn félagsins sérstaka athygli á að undanfarna mánuði hafi mörg af stærstu fyrirtækjum landsins ýmist verið úrskurðuð gjaldþrota, þau sett í nauðasamningsferli eða sætt sérstakri meðferð samkvæmt neyðarlögum sem sett voru í kjölfar hrunsins. Í ljósi flókinna viðskiptasamninga þessara fyrirtækja, fjölda innlendra sem erlendra kröfuhafa og þeirra gríðarmiklu fjárhagslegu hagsmuna sem í húfi eru, sé viðbúið að flókin ágreiningsmál - mörg hver af fáheyrðri stærðargráðu – kunni að koma til kasta dómstóla hér á landi. Jafnframt sé hugsanlegt að dómstólar fái á sama tíma til úrlausnar flókin efnahagsbrotamál, m.a frá sérstökum saksóknara, þar sem líklegt er að reyna muni á ýmsar sérreglur.

Þá er bent á að stjórnvöld hafi þegar lagt verulega aukið fé til rannsókna sakamála í kjölfar efnahagshrunsins.

Stjórn Lögmannafélagsins telji hins vegar einboðið að tryggja þurfi öðrum þáttum réttarvörslukerfisins fullnægjandi grundvöll til að leiða málin til lykta.

Í ljósi þessa gríðarlega álags sem fyrirsjáanlega verður á dómstólunum, og reyndar á réttarvörslukerfinu í heild, sé mikilvægt að íslensk stjórnvöld tryggi að dómstólar, hvort heldur sem er héraðsdómstólar eða Hæstiréttur, fái þann fjárhagslega og faglega stuðning sem nauðsynlegur er til að takast á við þau verkefni sem framundan eru. Slíkt er ekki eingöngu nauðsynlegt til að leysa úr ágreiningsmálum á ásættanlegum tíma heldur einnig til þess fallið að tryggja réttláta málsmeðferð gagnvart þeim sem hagsmuna eiga að gæta og þá sérstaklega mannréttindi sakborninga í refsímálum sem kunna að koma til kasta dómstóla. Í bréfinu hvetur stjórn félagsins dómismálaráðherra til að gripa þegar í stað til aðgerða sem tryggja að dómstólar landsins geti staðið undir þeim kröfum og því mikla álagi sem fyrirsjáanlegt er á næstunni.

Starfsábyrgðartryggingar lögmanna

Í grein sem undirritaður ritaði um starfsábyrgðartryggingu lögmanna í 4. tbl. Lögmannablaðsins 2008, var m.a vakin athygli á mikilvægi þess að lögmenn geri sér grein fyrir þeirri fjárhagslegu áhættu sem kann að fylgja hagsmunagæslu í stórum málum og mikilvægi þess að þeir uppfæri

tryggingavernd sína og starfsmanna sinna til samræmis við það. Í því samhengi var bent á að velflest íslensk tryggingafélög bjóða viðskiptavinum sínum að meta áhættur í rekstri og voru lögmenn hvattir til að nýta sér slíka þjónustu og uppfæra tryggingavernd sína til samræmis við niðurstöðu slíks áhættumats. Einnig var í greininni fjallað um ákvæði 4. mgr. 25. gr. lögmanna laga, þar sem lögmönnum er veitt heimild til að takmarka, með samningi um ákveðið verk, hámark bótaskyldu sinnar við tiltekna fjárhæð, sem þó verður að nema að minnsta kosti lágmarki ábyrgðartryggingar. Rétt er þó að taka fram að slík takmörkun bindur aðeins viðsemjanda lögmanns og getur ekki náð til annars tjóns en þess sem stafar af einföldu gáleysi.

Eins og vísað er til hér annars staðar í blaðinu, þá hafa mörg af stærstu fyrirtækjum landsins fyrir hrún bankanna ýmist verið úrskurðuð gjaldþrota á undanförunum mánuðum, þau verið sett í nauðasamningsferli eða sæta sérstakri meðferð samkvæmt neyðarlögum, sem sett voru í kjölfar hrunsins. Vegna meðhöndlunar lögmanna á flóknum viðskiptasamningum þessara fyrirtækja, fjölda kröfuhafa, innlendra sem erlendra, og þeirra gríðarmiklu fjárhagslegu hagsmuna sem í húfi eru, þykir rétt að árétta ábendingu félagsins til lögmanna um að þeir hugi að uppfærslu tryggingaverndar sinnar og skoði vel þá möguleika sem felast í heimild lögmanna laga til að takmarka ábyrgð.

Greiðsla árgjalda

Greiðsluseðlar vegna árgjalds til Lögmannafélags Íslands og félagsdeild LMFÍ fyrir yfirstandandi ár, voru sendir félagsmönnum í maí s.l., með gjalddaga 1. júní og eindaga 8. júní. Þeir lögmenn, sem enn hafa ekki gengið frá greiðslu árgjaldsins eru hvattir til að greiða hið fyrsta. Einnig eru þeir félagsmenn sem skulda eldri árgjöld hvattir til að ganga frá greiðslu án tafar en allar ógreiddar gjaldfallnar árgjaldsskuldir verða sendar í lögfræðinnheimtu innan tíðar.

Eru verkefni framundan réttarkerfinu ofviðá?

Nú þegar rétt ár er liðið frá bankahruninu og afleiðingar þess skekja íslenskt samfélag stendur réttarríkið frammi fyrir áleitnum spurningum. Er staða ákærvalds svo veik að réttarríkinu sé ógnað? Hefur viðleitni undanfarinna áratuga í þá veru að styrkja stöðu sakborninga gagnvart ákærvaldinu í raun snúið valdataflinu við? Er íslenskt réttarkerfi í stakk búíð að takast á við þau dómsmál sem eru í farvatninu? Er réttarvitund almennings með réttu misboðið? Til að ræða þessar og fleiri hugleiðingar um réttarríkið á viðsjárverðum tímum fékk Borgar Þór Einarsson ritstjóri til liðs við sig lögfræðingana Brynjar Níelsson hrl., Sigurð Tómas Magnússon hrl. og sérfræðing hjá Háskólanum í Reykjavík, Sigríði Friðjónsdóttur vararíkissaksóknara og Arnar Þór Jónsson hdl.

Höfum vaknað upp við vandan draum

Ef marka má umræðu og umfjöllun fjölmiðla virðist sem réttarvitund almennings sé stórlega misboðið í kjölfar bankahrunsins. Er þetta raunin?

Brynjar: Á réttarvitund almennings ekki alltaf pólitíska rót? Þegar Baugsmálið var og hét þá var enginn að velta fyrir sér réttarvitund almennings. Hún er alltaf með pólitísk horn á sér.

Sigríður: Nema í málum sem vekja tilfinningar, s.s. í kynferðis- og ofbeldismálum. Réttarkerfið þarf að vera í takti við réttarvitund almennings. Það má ekki vera haf þarna á milli. Lögjafinn hlýtur að reyna að setja lög í takt við vilja almennings.

Sigurður Tómas: Sú kenning hefur lengi verið við líði að til sé óskrifaður þjóðfélagsáttmáli sem gengur út á það að ríkisvaldið hafi tekið að sér að halda uppi lögum og reglu og vernda öryggi borgaranna. Segja má að stjórnarskráin



Borgar Þór Einarsson, ritstjóri.

grundvallist á þessari hugmynd. Ef almenningur telur á einhverjum tíma að ríkisvaldið sé ekki að tryggja það að þeim sem hafa brotið gegn þessum þjóðfélagsáttmála sé refsað þá er vafur fyrir dyrum. Hins vegar virðist nokkuð auðvelt að spila á réttarvitund almennings, sérstaklega nú til dags og einnig er oft erfitt að átta sig á hvort sú mynd sem dregin er upp af þjóðarviljanum í fjölmiðlum sé sönn. Það er líka erfitt að draga sadða borgara í stríð. Við vorum

farin að leyfa okkur að vera mjög umburðarlynd gagnvart hvers konar brotastarfsemi í efnahagslífinu þar sem við töldum þau ekki gera okkur neinn skaða. Það var svo mikil velferð, mikið fjárstreymi frá bönkunum og margir sem nutu góðs af.

Sigríður: Þetta voru ekki heldur brot gegn lífi og líkama sem vekja venjulega upp heitar tilfinningar. Það er sama hve ánægður maður er sem saksóknari með niðurstöðu slíkra dóma, almenningur er aldrei sáttur.

Arnar Þór: Dómstólar starfa ekki í í tómarúmi og standa ekki utan við réttarvitund almennings. Íslendingar voru orðnir of værukærir gagnvart ákveðnum prinsippum og gildum sem við viljum áreiðanlega öll að gildi í þessu samfélagi. Nú höfum við vaknað upp við vandan draum og þá einkennist samfélagið af reiði, óstöðugleika og nánast upplausn. Þá er mjög mikilvægt að dómstólar og dómskerfið í heild standi í fæturna. Það er hættulegt ef það verður of mikill munur á réttar-

framkvæmd, hvaða brot er ákært fyrir og dæmt, og hvernig almenningur upplifir stöðuna. Höfundur Njálu skopadist að réttarframkvæmd þar sem stóru málin, þau sem mestu varða, eyðast fyrir dómi og á þingi út af formsatriðum. Réttarkerfi sem getur ekki tekið á stórum málum þarf að líta í eigin barm.

Nauðsynlegt að styrkja réttarkerfið

Hvernig er staða ákærvaldsins og dómstólana? Höfum við bundið hendur ákærvaldsins um of, þarf að rýmka heimildir þess svo „fullnægja megi réttlætinu“?

Sigríður: Það eru skrítnir tímar í samfélaginu og að takast á við bankahrun í 300 þúsund manna samfélagi er gríðarstórt verkefni. Ég velti fyrir mér hvort við getum tekist á við það. Það er ekki nóg að segjast ætla efla ákærvaldið og dómvaldið því það þarf fólk með reynslu sem er ekki endilega á hverju strái. Mitt embætti, Embætti ríkissaksóknara hefur verið svelt fjárhagslega í áraraðir Málafjöldi hefur t.d. aukist um 100% á fjórum árum en starfsmönnum hefur ekki hefur fjölgað um einn haus.

Sigurður Tómas: Dómarafjöldi var ákveðinn samkvæmt málátölum árána 1983-1988. Síðan hefur þjóðinni fjölgað um fjórðung og málafjöldinn tvöfaldast en fjöldi héraðsdómara er sem fyrr 38 og dómarafulltrúastöðurnar að auki aflagðar. Álagið á dómurum er mikið og þeir hljóta að eyða sífellt styttri tíma í hvert mál. Allir verða að komast af í sínum störfum. Þegar styttri tíma er eytt í hvert mál er hætt við að dómara leiti frekar að fyrstu eða einföldustu útgönguleiðinni úr málinu sem er að vísa máli frá eða sýkna. Ég er ekki að segja að dómara geri þetta vísvitandi. Áhrif mikils vinnuálags geta líka haft þau áhrif á ákærvaldið að minna sé ákært en heppilegt væri.



Sigurður Tómas Magnússon, hrl.

Arnar Þór: Við stöndum frammi fyrir gjaldþrotum sem sögð eru vera meðal þeirra tíu verstu í veraldarsögunni. Það er verið að tala um að styrkja ákærvaldið en svo er athyglisvert að hið nýja embætti saksóknara fær fólk úr kerfinu þannig að öðrum embættum blæðir. Svo verður fjöldi málshöfðana einnig í einkamálum en dómstólarnir sitja eftir. Enginn er að tala um að styrkja þá. Ef réttarkerfið styrkist ekki þá verður réttarvitund almennings misboðið.

Brynjar: Ákærvaldið er ekkert veikt, það þarf bara aðeins meiri fjármuni. Málshraði er þokkalega góður ennþá en menn eru uppteknir af því að halda í hann og eru á móti að sinna hverju máli verr. Ákærvaldið er grunnstoð stjórnskipunar og algjörlega nauðsynlegt.

Sigurður Tómas: Það reynir mest á mannréttindareglur á krísutímum og dómara mega ekki slá af mannréttindakröfum á slíkum tímum þótt almenningsálitið kunnist að sveiflast í þá áttina.

Sigríður: Það er dálítið önnur stemning núna heldur en þegar Baugsmálið var. Almenningsálitið hefur áhrif á dómara, þeir eru líka fólk.

Arnar Þór: Ég held að næstu ár verði prófsteinn á íslenskt réttarkerfi. Við sem



Brynjar Níelsson, hrl.

störfum innan réttarkerfisins þurfum að halda sjó í öllu þessu umróti.

Traust eða vantraust almennings

Hvað með trú almennings á þessar grunnstofnanir ríkisvaldsins? Almennings treystir ekki yfirvöldum sem hafa aðgang að öllum gögnum í krafti valdheimilda sinna. Dæmi um þetta er lánabók Kaupþings en það var ekki nóg að ákærvaldið hefði þessar upplýsingar heldur var krafan sú að lánabókin þyrfti að vera opin til að dómstóll götunnar gæti fellt sinn dóm. Á þetta ekki rætur að rekja til þess að fólk treystir ekki kerfinu?

Sigurður Tómas: Það er mikil vantrú á innlendum yfirvöldum sem er skiljanlegt eftir svona skipbrot. Víða er reynt að finna skýringar og sökudólga. Ákærvaldinu er stórkostlegur vandi á höndum vegna smæðar landsins og ljóst að ekki eru til ótæmandi birgðir af innlendum sérfræðingum á þeim fjölmörgu sviðum sem reynir á við rannsókn og dómsmeðferð efnahagsbrotamála. Til dæmis voru tvær af þremur stærstu endurskoðendaskrifstofunum að vinna fyrir bankana og því má draga í efa hæfi starfsmanna þeirra til sérfræðistarfa í málum tengdum bankahruninu.

Arnar Þór: Vantraustið sem er til staðar



Sigríður Friðjónsdóttir,
vararíkissaksóknari.

er heimatilbúið hjá eftirlitsstofnunum sem voru ekki að taka á þeim málum sem þeim bar. Almenníngur hefur hagsmuni af því að tekið sé á málum.

Hver eru áhrif vantraustsins og hvað gerist ef almenníngur fær á tilfinninguna að þeir sem beri sök á ástandinu muni sleppa? Þarf ekki að verja og endurheimta þessa trú?

Brynjar: Þar komum við að ábyrgð fjölmiðla sem rugla fólk. Ábyrgð getur verið eitt hjá þessum mönnum og refsíábyrgð annað. Það að bera ábyrgð þýðir ekki endilega að bera refsíábyrgð. Það er búið að rugla fólk og fjölmiðlar standa sig ekki í að gera greinarmun á þessu.

Að sníða sér stakk eftir vexti
Nú boðar ríkisstjórnin að fara eigi í skaðabótamál við þá sem eru ábyrgir fyrir bankahruninu. Er ekki pólitískt yfirvald þannig að bregðast við ákveðinni stemningu til að kæla ástandið?

Sigríður: Það er „populismi“ og ábyrgðarhlutur þegar stjórnmalamenn verja lögbrot eins og upplýsingalekann úr lánabók Kaupþings.

Arnar Þór: Við Íslendingar erum nú á svipuðum stað í andlegu tilliti og Þjóðverjar voru eftir seinna stríð. Ímynd okkar er hrunin og orðstír, sjálfstraustið

er farið. Ég hef verið að lesa um Nürnberg réttarhöldin sem áttu sér stað eftir seinni heimstyrjöld. Það er athyglisvert að bera saman kröfuna þá um að mönnunum yrði refsað við kröfuna hér og nú um að þeim verði refsað sem báru ábyrgð á hruninu. Ekki var unnt að beita þýskum lögum til að sakfella stríðsglæpamennina því það sem þeir gerðu var ekki á móti þýskum lögum. Þeir leituðu því aftur til náttúru réttar, þ. á m. til meginreglu sem Hugo Grotius setti fram á 17. öld, þess efnis að alvarlegum glæpum mætti ekki láta órefsað. Menn voru ákærðir og dæmdir á grundvelli sjónarmiða sem voru sameiginleg öllum vestrænum ríkjum. Þegar maður horfir á þessi réttarhöld úr fjarlægð þá vakna spurningar um það hversu réttlát þessi málsmeðferð öll var í raun. Refsikrafan er hávær í dag en því má ekki gleyma að einmitt á slíkum tímum reynir á að staðinn sé vörður um meginreglur réttarríkisins.

Sigurður Tómas: Ég held að lögregla og ákærvald verði að sníða sér stakk eftir vexti og velja úr mikilvægustu málun til að rannsaka og eftir atvikum ákæra í. Reynslan hér á Íslandi og erlendis sýnir einnig að afar erfitt getur reynst að reka sakamál í mörgum ákæruliðum gegn mörgum ákærðum samtímis. Þetta er ekki íslenskur lærdómur heldur alþjóðlegur. Almenníngur þarf að setta sig við það að ekki verði unnt að snúa við hverjum steini. Forgangsröðun er hreinlega nauðsynleg. Væntanlega mun margur sleppa með meiri sakir heldur en til dæmis sá sem stelur kjötlæri úr Bónusverslun.

Verðum að geta byrjað upp á nýtt

Fljótlega eftir hrúnið var talsvert rætt um að við værum í þannig ástandi að við þyrftum sannleiks- og sáttanefnd eins og var í Suður-Afríku. Sannleikurinn væri mikilvægari heldur en að dæma menn til refsingar og veitt yrði eins konar sakaruppgjöf.



Arnar Þór Jónsson hdl.

Brynjar: Ég er hræddur um að ákærurnar geti orðið endalausar.

Sigríður: Við verðum einhvern veginn að geta byrjað upp á nýtt.

Arnar Þór: Það er nauðsynlegt fyrir samfélagið að fara í gegnum uppgjör en það verður sársaukafullt. Einhver mál þurfa að fara fyrir dóm en það er fótur fyrir því vantrausti sem ríkir í garð ýmissa stofnana. Ýmislegt bendir til að íslenskt réttarkerfi kikni undan stóru málunum.

Brynjar: Ég er ekki viss um að þetta sé rétt og mér finnst ákærvaldið hafa staðið sig ágætlega. Hins vegar má gera miklu betur og þarf til dæmis að gera það með fjármunum og faglegum styrk.

Sigurður Tómas: Það er skiljanlegt að verjandi beiti öllum tiltækum ráðum til þess að stuðla að því að efnisdómur gangi ekki í sakamáli og beri fyrir sig réttarfarsannmarka. Eftir því sem mál eru flóknari og rannsóknir viðameiri, þeim mun meiri hættu er á að unnt sé að benda á einhver mistök í rannsókn eða saksókn sakamála. Dómstólar verða þó að varast það að gera réttarfarsreglurnar að herra efnisreglnanna. Þær eiga fyrst og fremst að vera í hlutverki þjónsins og stuðla að réttri niðurstöðu í málum.

Sigríður: Það er dómstólanna að taka á þessu.

Vald dómstólanna

Arnar Þór: Menn hafa áhyggjur af því að dómstólar taki sér meira vald en þeim ber. Ég spyr út frá íslenskum veruleika: Er þessu öfugt farið á Íslandi? Getur verið að dómstólar séu hreinlega feimnir við vald sitt? Fyrir dómstólum reynir á mörg mikilvægustu mál samfélagsins. Það sama mætti segja um framkvæmdavaldið, að það hafi ekki farið út að sínum mörkum og jafnvel haldið að sér höndum.

Brynjar: Vald er vandmeðfarið og ég held að menn eigi alltaf að takmarka sig með því. Ekki vaða yfir allt og alla. Ég vil fá bestu fagmenn í þetta vald því það er svo vandmeðfarið.

Sigurður Tómas: Við viljum fá bestu fagmennina í ákærendastöðurnar á sama tíma og verið er að lækka laun embættismanna!

Brynjar: Við eigum fínan mannskap í grunnstofnanir en ef menn ætla gera þetta að hornreka fyrirbæri í húsi á Hverfisgötu þá er ekki von á góðu. Saksóknarar hafa mikið vald sem

hefur áhrif á líf fólks. Til dæmis getur ein röng ákæra snúið öllu á hvolf.

Sigríður: Í flestum nágrannaríkjum okkar nýtur ákærvaldið stuðnings stjórnvalda þannig að sett er fram ákveðin refsipólítísk stefna og ákærvaldið fær nægilegt fjármagn til að framfylgja sínu hlutverki. Hér er það ekki svo.

Arnar Þór: Við þurfum að ræða það sem þjóð hvernig samfélag við ætlum að byggja upp á þessum rústum sem við stöndum á í dag.

Réttarkerfið og pólitíkin

Hvað þarf að gera til að tryggja að réttarkerfið höndli núverandi ástand?

Brynjar: Það þarf að styrkja ákærvaldið og dómstólana og við höfum mannskap og þekkingu í það.

Arnar Þór: Í vetur mun reyna gríðarlega á lögreglu, ákærvald og dómstóla. Samfélag, þar sem ríkt hefur ró og friður, getur hrunið á stuttum tíma. Margar ákvarðanir þurfa að koma frá stjórnmalaforystunni. Því miður er það hins vegar staðreynd að stjórnmalamenn hafa tilhneigingu til að koma sér hjá því að taka ákvarðanir

og því enda mörg stærstu mál samtímans fyrir dómstólum. Ástandið nú er þannig að stjórnmalamenn geta ekki leyft sér að færast undan ábyrgð sinni og hlutverki með þessum hætti.

Brynjar: Pólitíkin þarf að laga þetta ástand. Þú rífur ekki tennur úr tannlausum kjafti. Menn borga ekki meira en hægt er. Það er betra að láta menn borga eins og þeir geta. Það þarf einnig að gera mönnum auðveldar að fara í gjaldþrot og upp úr því aftur.

Sigurður Tómas: Jafnframt verður að forgangsraða mjög markvisst þannig að mikilvægustu málin verða tekin og kláruð. Það má ekki kaffæra ákærvaldið og dómstóla í málum sem minni þýðingu hafa.

Arnar Þór: Það þarf að hugsa um þetta heildstætt. Þarf að efla ákærvaldið, efla dómstóla til samræmis og það sama gildir um fyrirhugaða eflingu stjórnsýslustofnana. Það mega ekki verða til flöskuhálsar í kerfinu.

Sigríður: Svo má ekki gleyma hinum sakamálunum sem eru í kerfinu, voru og munu alltaf verða hvað sem kreppu og hruni líður.

Mikil aðsókn á hdl. námskeið

Ekkert lát virðist vera á aðsókn lögfræðinga á námskeið til öflunar réttinda til að vera héraðsdómslögmaður en á nýbyrjuðu haustnámskeiði eru 42 þátttakendur skráðir til leiks, en auk þeirra eru 22 þátttakendur frá fyrri námskeiðum skráðir í einstök próf.

Níu kennarar leiðbeina á fyrri hluta námskeiðsins sem stendur til 23. október. Kennslugreinar eru einkamálaréttarfar, sakamálaréttarfar, fullnusturéttarfar, samning lögfræðilegrar álitsergerðar og lögfræðileg skjalagerð. Stefnt er að því að síðari hluti námskeiðsins hefjist í byrjun nóvember.



Í kennslustund í lögfræðilegri álitsergerð hjá Eyvindi G. Gunnarssyni.




Söguleg stund: Tvær konur í stjórn LMFÍ

Lengi vel voru fáar konur félagsmenn í Lögmannafélagi Íslands en fyrsti kvenfélaginn var Rannveig Þorsteinsdóttir hrl. sem varð lögmaður árið 1952. Hún var kjörin heiðursfélagi árið 1979.

Fyrsta konan sem kosin var í stjórn LMFÍ er Svala Thorlacius hrl. en hún sat í stjórn árin 1980-1982. Þórunn Guðmundsdóttir hrl. er eina konan sem gegnt hefur formennsku í stjórn Lögmannafélagsins síðan félagið var stofnað árið 1911 en hún var formaður árin 1995-1997.

Mynd þessi er tekin af stjórn Lögmannafélags Íslands ásamt framkvæmdastjóra árið 1996-1997 en þá sátu í fyrsta skipti tvær konur í stjórn. F.v. Marteinn Másson hrl., framkvæmdastjóri 1990-1999, Kristín Briem hrl., Hreinn Loftsson hrl., Þórunn Guðmundsdóttir hrl. og formaður, Sigurmar K. Albertsson hrl. og Jakob Möller hrl.



Kleinufundir



Kleinufundirnir hefjast kl. 8:15 að morgni og lýkur um kl. 9:00. 25 lögmennt mættu á fundinn með Birni Þorra Viktorssyni og ræddu málin.



Í september sl. fjallaði Björn Þorri Viktorsson hrl. um fjöldamálsóknir.



Í ágúst sl. var Gísli Tryggvason, umboðsmaður neytenda, gestur kleinufundar.

Lögmannafélagið hefur tekið upp þá nýbreytni að halda stutta og snarpa fundi um ýmis lögfræðileg hitamál líðandi stundar. Fundirnir eru haldnir á föstudagsmorgnum og kallast „kleinufundir“, enda boðið upp á rjúkandi kaffi og kleinur. Þegar hafa tveir kleinufundir verið haldnir, sá fyrri um innheimtulögin og sá síðari um hóp- eða fjöldamálsóknir. Aðsóknin hefur verið góð sem og undirtektir lögmannna.



Á fjórða tug lögmannna komu á fyrsta kleinufundinn sem fjallaði um innheimtulögin. Snörp skoðanaskipti urðu á fundinum sem þótti heppnast afskaplega vel.

Námskeið haustannar

Námskeið haustannar

Skiptastjórn þrotabúa 1.des.

Fjallað verður starf og meginskyldur skiptastjóra frá skipun til skiptaloka. Lögð verður áhersla á þau praktísku álitaefni sem koma upp við skipti þrotabúa, hve lengi skiptastjóra er heimilt að halda eign hjá sér og samskipti við stóra kröfuhafa. Þá verður riftunarmálum gerð skil, úthlutun og lok skipta, og meðferð og ráðstöfun eigna.

Kennari Kristinn Bjarnason, hrl. og Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl.
Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
Tími 4 klst. Þriðjudagur 1. desember 2009 kl. 16:00-20:00.
Verð Kr.27.000,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 24.000,-

Að efla rétt og hrinda órétti?

Þrjú lögmennt svara spurningunni hver sé frumskylda lögmanna; hagsmunagæsla fyrir skjólstæðinga eða að efla rétt og hrinda órétti.



Gestur Jónsson hrl.

Ekkert hættulegra réttlætinu en dómstóll götunnar

Upphafsorð siðareglna okkar, að lögmanni beri að efla rétt og hrinda órétti, hljóma vel og eru að mínu mati góður veggvísir um störf lögmanna.

En hvernig falla þessi orð að grundvallarreglunni um að hlutverk lögmannsins sé að leggja sig fram um að gæta hagsmuna skjólstæðings síns? Getur það staðist að lögmennt sem gæta andstæðra hagsmuna í sama máli séu báðir að efla rétt og hrinda órétti? Eru ákærandinn, sem krefst sakfellingar í morðmáli, og verjandinn, sem krefst sýknu, báðir að vinna að því að efla réttlætið í samfélaginu? Eru lögmaður kröfuhafans, sem vill fá greitt, og lögmaður skuldarans, sem neitar að greiða, báðir að hrinda órétti?

Þetta kann að hljóma þversagnarkennt. Ég skil markmiðssetninguna um að efla rétt og hrinda órétti svo að skylda okkar lögmanna sé að standa vörð um réttarríkið. Tryggja að lausn hverrar þrætu geti náðst án ófriðar. Gæta þess að aflsmunur ráði ekki þegar dómur eru upp kveðnir. Allir menn, hversu sekir sem þeir kunna að vera, eigi þann rétt að máli þeirra sé talað. Jafnvel níðingurinn eigi rétt á því að bera fram varnir sínar fyrir hlutlausum dómara. Að standa gegn straumnum og tala máli hins fordæmda er liður í því að styrkja réttarríkið. Því ekkert er hættulegra réttlætinu en dómstóll götunnar sem fellir sína dóma án þess að staðreyndir séu kannaðar. Hvað þá að hlustað sé á skýringar og sjónarmið þess fordæmda.

Sækjandi og verjandi í sakamáli vinna báðir að því að efla rétt og hrinda órétti. Sama gildir um lögmennt stefnanda og stefnda í einkamáli. Þótt kröfur og röksemdir gangi í gagnstæðar áttir vinna þessar aðilar sameiginlega að því að úrlausn þrættunnar fái á forsendum réttarríkisins. Lögmaður sem gætir hagsmuna skjólstæðings síns af trúmennsku þjónar réttarríkinu. Í því felst frumskylda lögmannsins.

Gestur Jónsson hrl.





Sigríður Rut Júlíusdóttir, hrl.

Tvær hliðar á sama peningi

Það er skoðun undirritaðrar að hagsmunagæsla fyrir skjólstæðinga og það að efla rétt og hrinda órétti séu tvær hliðar á sama peningi og þessir þættir séu fullkomlega samræmanlegir. Lögmaður gæti hagsmuna skjólstæðinga sinna með því að efla rétt og hrinda órétti.

Horfa má á úrlausnarefnið til dæmis frá sjónarhorni verjandans. Hlutverk verjandans er ekki að verja glæpinn sem framinn hefur verið, heldur manneskjuna sem sökuð er um að hafa framið glæpinn. Réttarvörslukerfið þarf nefnilega að virka rétt og saklaus manneskja mætti aldrei vera dæmd til refsingar fyrir glæp sem hún hefur ekki framið. Þannig er það hlutverk verjandans að gæta hagsmuna sakborningsins og hrinda þeim órétti sem fælist í því að dæma saklausa manneskju til refsingar. En látum ekki þar staðar numið. Ef hinn sakborni t.d. játar sök þá felst hagsmunagæsla verjandans m.a. í því að standa vörð um að honum sé ekki gerð strangari refsing en eðlilegt og sanngjarn þykir í réttarríki.

Hvað einkamál snertir nýtir lögmaðurinn kunnáttu sína í að skýra og túlka sett lög til að efla rétt umbjóðanda síns og ná fram sem hagkvæmasti niðurstöðu fyrir hans hönd. Í þeirri hags-

munagæslu er það réttur umbjóðandans sem lögmaðurinn hefur að leiðarljósi.

Við þetta má síðan bæta að liður í því að efla rétt er að lögmennt séu meðvitaðir um að þótt þeir semji ekki lögin þá ættu þeir að finna í störfum sínum farveg til að hvetja löggjafann til að betrumbæta lögin þegar svo ber undir. Þannig efla lögmennt rétt. Þá hefur það ósjaldan gerst að löggjafinn breyti lögum eftir að tiltekið dómsmál hefur unnist. Til dæmis ef lögmaður höfðar og vinnur mál þar sem fallist er á að almenn lög brjóti í bága við ákvæði stjórnarskrár. Þannig hrindir lögmaður órétti.

Hámörkun samfélagslegrar hagkvæmni er útaf fyrir sig ekki markmið í störfum lögmannsins nema það samræmist hagsmunum skjólstæðings hans í hverju máli.

Sigríður Rut Júlíusdóttir, hrl.



Eiríkur Tómasson, prófessor.

Svo langt sem það nær

Því er gjarnan haldið fram að frumskylda lögmannna sé að gæta hagsmuna umbjóðenda eða skjólstæðinga sinna. Þótt þetta sé að mínu áliti rétt, svo langt sem það nær, eru þessari skyldu viss takmörk sett. Í fyrsta lagi er

lögmanni hvorki heimilt né skylt að brjóta gegn lagafyrirmælum í störfum sínum, jafnvel þótt það þjóni hagsmunum skjólstæðings hans. Í annan stað ber lögmanni að líta til annarra hagsmuna en þröngra hagsmuna skjólstæðingsins, þ. á m. ber honum að sýna dómstólum tillitssemi og virðingu, gæta vissra reglna í samskiptum við aðra lögmennt og jafnvel taka tillit til gagnaðila skjólstæðingsins, eftir því sem nánar er fyrir mælt í siðareglum Lögmannafélagsins.

Í 1. gr. þeirra reglna segir ennfremur: „Lögmanni ber að efla rétt og hrinda órétti.“ Þótt svo kunni að virðast við fyrstu sýn að hér sé fólgin þversögn í samanburði við fyrrgreinda frumskyldu er sérstaklega tekið fram í 8. gr. reglnanna að í samræmi við meginregluna í 1. gr. skuli lögmaður leggja sig fram um að gæta hagsmuna skjólstæðinga sinna. Með öðrum orðum ber honum fyrst og fremst í störfum sínum að vinna að því að skjólstæðingurinn nái fram lögmaeltum rétti sínum eða, ef því er að skipta, að hann verði ekki beittur órétti.

Með þessu er hins vegar ekki sagt að lögmanni sé skylt að hlíta fyrirmælum skjólstæðings síns í einu og öllu, jafnvel þótt þau brjóti ekki í bága við lög, heldur tel ég að í því efni beri honum að hafa hliðsjón af siðareglum, jafnt þeim sem er að finna í siðareglum Lögmannafélagsins og óskráðum siðareglum. Við mat á því hvort eitthvað það, sem lagt er fyrir lögmann að gera eða til greina kemur að hann geri í þágu skjólstæðingsins, stríði gegn óskráðum siðareglum verður hann að styðjast við almennan mælikvarða um það, hvað teljist rétt og hvað rangt, auk heilbrigðrar skynsemi. Ef niðurstaða hans yrði sú að slíkt teldist siðferðilega rangt er það skoðun mín að honum væri ekki aðeins óskylt, heldur og óheimilt, að ganga þannig gegn siðferðisvitund sinni, jafnvel þótt það bitnaði á skjólstæðingi hans. Að vísu



kynni sú staða að vera fyrir hendi, í undantekningartilvikum, að lögmaður neyddist til að gera eitthvað, sem honum væri á móti skapi af fyrrgreindri ástæðu, til þess að afstýra því að skjólstæðingurinn yrði fyrir réttarspjöllum.

Mikilvægt er í þessu sambandi að lögmaður geti gert upp hug sinn án þess að láta óviðeigandi sjónarmið hafa áhrif á ákvörðun sína, svo sem sína eigin persónulegu eða fjárhagslegu

hagsmuni, en slíkt getur gerst ef lögmaður er t.d. of fjárhagslega háður skjólstæðingi sínum. Ef grannt er skoðað þjónar það heldur ekki hagsmunum skjólstæðingsins að lögmaðurinn samsami sig honum um of, heldur er gert ráð fyrir því, m.a. í siðareglum Lögmannafélagsins, að hann komi fram sem sjálfstæður ráðgjafi og málsvari skjólstæðingsins í störfum sínum.

Eiríkur Tómasson, prófessor.

BBA
BBA // LEGAL

Námskeið haustannar

Námskeið haustannar

Veðréttur og þinglýsingar

Farið verður yfir nokkur afmörkuð atriði úr veðrétti sem mikið hefur reynt á sl. ár. Einkum verður farið yfir vörubirgða- og vörureikningaveð, haldsrétt, fylgifié fasteigna, veð í rekstrartækjum sem og hand- og söluveð. Helstu reglur sem gilda um þinglýsingar verða yfirfarnar, nauðsyn þinglýsingar til verndar eignarréttindum, tengslin við veðréttindi, forgangsáhrif þinglýsingar, ýmsar reglur er varða framkvæmd þinglýsinga og dóma sem gengið hafa í þessum málum.

Kennari Árni Á. Árnason hrl. og Eyvindur G. Gunnarsson, lektor við lagadeild Háskóla Íslands.
Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
Tími Þriðjudagur 24. nóvember 2009 kl. 16:00-19:00.
Verð Kr. 25.000,- en fyrir félaga í félagsdeild kr. 20.000,-

Neytendaréttur

Kynnt verður réttarsviðið neytendaréttur og viðfangsefni hans. Fjallað verður um helstu einkaréttarlegu reglurnar sem varða sérstaklega réttarstöðu neytenda, þ. á m. lög um neytendakaup og lög um þjónustukaup. Auk þess verður fjallað um helstu allsherjarréttarlegu reglurnar sem snerta neytendur, þ. á m. reglur um auglýsingar og óréttmæta viðskiptahætti, sem og um opinbert eftirlit á þessu sviði. Getið verður ýmissa ákvarðana Neytendastofu, áfrýjunarnefndar neytendamála og annarra úrlausnaraðila til nánari skýringar. Bókin „Neytendaréttur“, eftir Ásu Ólafsdóttur og Eiríkur Jónsson fylgir með en hún kom út í haust.

Kennari Ása Ólafsdóttir hrl. og lektor við lagadeild Háskóla Íslands og Eiríkur Jónsson, lektor við lagadeild Háskóla Íslands.
Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
Tími Fimmtudagur 26. nóvember mars 2009 kl. 16:00-19:00.
Verð Kr. 25.000,- en fyrir félaga í félagsdeild kr. 20.000,-



Lárentsínus Kristjánsson hrl.

Staða dómstólanna

Það var ánægjulegt að sjá að í kjölfar ályktunar stjórnar Lögmannafélags Íslands fimmtudaginn 10. september sl., þar sem stjórnin tók undir áhyggjur dómstólaráðs vegna stöðu dómstólanna, kom frétt í Morgunblaðinu sem staðfestir að Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra hefur fullan skilning á vandamálinu og hyggst bregðast við því.

Vissulega er það svo að mjög kreppir að þjóðinni og erfiður niðurskurður blasir við hvert sem lítið er. Líkast til verður, ef til kemur, niðurskurður til heilbrigðis-, félags- og velferðarmála sársaukafyllstur því hann hittir fyrir þá sem síst skyldi og erfiðast eiga með að bera hönd fyrir höfuð sér. Hér þarf að forgangsraða og á hefðbundnum efnahagssamdráttarskeiðum, ef hægt er að orða það þannig, rata dómstólar ekki í efstu sæti listans.

Eftir efnahagshrunið sl. haust hefur mikil tortryggni grafið um sig í þjóðfélaginu og ákall um réttlæti er mun háværara heldur en hefur verið síðustu árin. Því er mikilvægt að dómstólar verði ekki látnir mæta afgangi heldur þvert á móti eflidir a.m.k. tímabundið eins og dómsmálaráðherra gefur fyrirheit um.

Álag á dómstólana hefur nú þegar aukist umtalsvert en líkur eru á að við séum samt stödd í logninu á undan storminum. Málin hrannast upp allt í kring; mál tengd kröfuskram fyrir gömlu bankana, riftunarmál, endurkröfumál, mál vegna rannsóknarvinnu sérstaks saksóknara og annarra eftirlitsaðila. Einnig verður látið reyna með margvíslegum hætti á neyðarlögin sem sett voru í byrjun október sl. og þá löggjöf sem fylgdi í kjölfarið. Það hlýtur að vera okkur kappsmál að leyst verði úr málum með vönduðum hætti og eins hratt og kostur er í því andrúmslofti sem ríkir í samfélaginu. Ég held að ekki

verði hjá því komist að fjölga dómurum og reyna að byggja upp aukna sérþekkingu á efnahagsbrotum innan dómstólanna ekki síður en hjá rannsóknaraðilum.

Það er því afar brýnt fyrir yfirvöld dómsmála að ráðast strax af fullum þunga í nauðsynlega undirbúningsvinnu og skoðun á því hvernig þessu ástandi verður best mætt.



Litla prent
Stórt verk lítið mál

prent.is

Litlaprent ehf. | Skemmuvegi 4 | 200 Kópavogi
Sími 540 1800 | Fax 540 1801 | litla@prent.is



Eyrún Ingadóttir

Félagslíf og fjallamennska

Innan félagsdeildar LMFÍ rúmast blómlegt félagslíf lögmanna. Á öðrum stað í blaðinu segir frá golfmótum sumarsins en auk þess eru haldin námskeið, farið í gönguferðir um fjöll og firnindi, spilaður fótbolti, tefld skák og gert hvaðeina sem frjóum félagsmönnum dettur í hug. Eftir vel heppnaða gönguferð á Heklu í sumar hafa margir verið að velta fyrir sér hvert gengið verði sumarið 2010. Nú er verið að ræða um drottningu fjallanna, sjálfa Herðubreið og væri gaman að fá viðbrögð áhugasamra við hugmyndinni.

Bókasafn

Það lætur nærri að bókasafn LMFÍ sé notað af að minnsta kosti einum lögmanni á dag árið um kring. Bókasafnið er opið virka daga frá kl. 9:00-17:00 en lögmenn geta einnig fengið lánaðan lykil til að nota safnið á öðrum tímum. Vegna efnahagskreppunnar hefur lítið sem ekkert verið keypt inn á safnið þetta árið og eins höfum við lokað fyrir rafrænan aðgang að Ufr og Karnov tímabundið. Bent skal á að hægt er að kaupa einstakar greinar Ufr og Karnov með „pay per view“ aðgangi en einnig eigum við flesta árganga á prentuðu formi. Aðstaðan til fræðistarfa á bókasafninu er eins og best verður á kosið. Bókakostur safnsins er inni á www.gegnir.is svo það er hægt að skoða bókakostinn áður en komið er í safnið.

Námskeið

Á haustmisseri er stefnt að því að halda tíu námskeið fyrir lögmenn en þar af eru átta faglegs eðlis. Tveimur þeirra er þegar lokið en í ágústlok var námskeið í notkun GPS – staðsetningartækja. Haraldur Örn Ólafsson opnaði augu nokkurra fróðleiksfúsra um þessi undrataeki. Lögmaður LOGOS í London, Jas Bains, hélt námskeið í byrjun september um „English Law Loan Facility Agreement“ þar sem þátttakendur voru um 40 talsins. Undirbúningur annarra námskeiða á haustönn hefur gengið vel eins og venjulega en lögmenn eru einkar jákvæðir gagnvart því að miðla af sérþekkingu sinni meðal kollega sinna. Eru þeim færðar þakkir fyrir það. Í október verður námskeið í matsgerðum og sönnunargögnum með Sigurði Tómasi Magnússyni og áfrýjun og flutningi einkamáls fyrir Hæstarétti með Hákonni Árnasyni og Garðari Gíslasyni. Í nóvember verður súkku-laðismökkunarnámskeið með Viggó Viggóssyni meistarakokki en einnig verða þrjú fagleg námskeið; samruni, yfirtaka og aðrar umbreytingar á rekstrarformi út frá skattareglum með Garðari Gíslasyni, veðréttur og þinglýsingar með Árna Á. Árnasyni og Eyvindi G. Gunnarssyni og neytendaréttur með Ásu Ólafsdóttur og Eiríki Jónssyni. Á sjálfan fullveldisdaginn

verður námskeið í skiptastjórn þrotabúa með Kristni Bjarnasyni og Jóhannesi Rúnari Jóhannssyni og viku síðar verður námskeið um efnið og formið í einkamálum, hvenær og hvernig frávisun kæmi til álita með Einari Karli Hallvarðssyni.

61% sótt námskeið sl. tvö ár

Í nýafstaðinni könnun Lögmanna- blaðsins, og kynnt er á öðrum stað í blaðinu, voru lögmenn spurðir að því hvort þeir hefðu sótt námskeið LMFÍ sl. tvö ár. 65% lögmanna á stofum svöruðu því játandi og 55% innanhúslögmanna, alls 61%.

Þeir sem svöruðu játandi gafst kostur á að segja sitt álit á framboði námskeiða en 87% lögmanna á stofum og 77% innanhúslögmanna sögðu framboð námskeiða vera mikið eða mátulega mikið. Einungis 8% sögðu framboð námskeiða vera lítið. Við getum því vel við unað en þess ber að geta að eftir námskeið er þátttakendum send gæðakönnun og þeir einnig beðnir um að koma með hugmyndir. Stjórn náms- sjóðs hittist nokkrum sinnum yfir árið og ákveður hvaða námskeið skuli halda og því er ætíð tekið fagnandi að fá hugmyndir að nýjum námskeiðum.

Af Merði lögmanni

Nú er illt í efni. Eins og upplýst hefur verið skildi Mörður ekkert í því að hans góða mannorð, Flokkurinn eða tengsl hans við lykilmenn við Lækjatorg tryggðu honum ekki tímaskriftir með ríkisábyrgð í kjölfar bankahruns á haustmánuðum. Olli þetta pirringi hjá Merði enda taldi hann einboðið að titill sem slitskilanefndaumsjónarmaður myndi ekki eingöngu bæta hjá honum bókhaldið heldur einnig koma möguleikum hans á samneyti við hitt kynið í nýjar hæðir. Ekki veitti af.

Til að gæta sanngirni er þó rétt að geta þess að stuttu fyrir hrunið var haft samband við Mörð. Var þar á ferð Flokksfélagi sem Mörður minntist þess ekki að hafa átt samskipti við nema stuttlega fyrir nokkrum árum í móttöku í tilefni skipunar annars flokkshests í eitthvað ~~xosa~~ risaembættið eftir gagnsætt ferli. Flokksfélaginn hringdi í Mörð og talaði við hann eins og þeir væru aldarvinir og mærdi á alla kanta áður en hann bar upp erindið: Til stóð að skipa Mörð sem stjórnarformann í nýstofnuðu einkahlutafélagi hefði hann áhuga. Útskýringar um tilgang félagsins skildi Mörður ekki. Enda kannski aukaatriði. Eitthvað tengdist það þó kaupum erlends úlfaldasala á hlutum í íslenskum banka. Sá hafði víst skyndilega fengið áhuga á íslenskum bönkum. Enginn átti þó að borga neinum neitt nema í gegnum einhverja loftfimleika sem meira að segja Mörður áttaði sig á að væru nýju fötin keisarans.

Aðalatriðið í huga Marðar var þó að um var að ræða lítið vinnuframlag fyrir fínan pening og samkvæmt manningnum í símanum hafði sérstaklega verið óskað eftir Merði til starfans enda Mörður þekktur af vandvirkum vinnubrögðum og heilindum. Mörður hafði alltaf verið ~~þax~~ búngóður maður og greiðvikinn. Það var honum kennt af móður sinni. Þótti honum ekki við hæfi að neita þessari bön enda það maðurinn svo fallega.

Því fór svo að Mörður tók sæti sem stjórnarformaður í félaginu og fékk greitt fyrir. Hélt að svo búnu áfram með sinn rekstur og leiddi ekki hugann að málinu aftur fyrr en að einn daginn birtist í dyrunum hjá honum maður sem Mörð minnti að hafi eitt sinn verið sýslumaður á Akranesi. Sýslumaðurinn fyrrverandi veifaði leitarheimild sem virtist Merði lögmat. Merði var umsvifalaust tilkynnt að hann hefði réttarstöðu grunaðs manns og fluttur til yfirheyrslu. Þetta þótti Merði fullkomlega óskiljanlegt og sagði bara eins og var, hann hafi ekki kunnað við að neita beiðninni, enda búngóður.

Mörður bíður nú úrlausnar málsins og reynir í millitíðini að nýta sér titilinn „réttarstöðu grunaðs manns“. Það gengur ekki vel en þó er fátt svo með öllu illt. Mörður á von á því að fá senda mynd af sér sem tekin var við yfirheyrslur, sambærilega við þær sem teknar eru af föngum í amerískum bíómyndum. Hyggst Mörður hafa hana í brjóstvasanum næst þegar hann fer á öldurhús borgarinnar. Það ætti að kveikja í elskunum.

*Til fjölda ára hefur Mörður lögmaður sent vélritaða pistla sína í Lögmannablaðið í brúnu umslagi á skrifstofu félagsins. Framvegis verða pistlarnir skannaðir inn og birtir eins og þeir koma frá lögmanninum.

Gott golfsumar að baki



F.v.: Jóhannes Eiríksson, Stefán Orri Ólafsson, Haukur Örn Birgisson og Ásgeir Ragnarsson voru verðlaunahafar á meistaramóti LMFÍ í ágúst sl.

Minningarmót

Minningarmót LMFÍ 2009 um Guðmund Markússon, hrl., og Ólaf Axelsson, hrl., fór fram hinn 19. júní sl. á Hólmsvelli í Leiru. Aðstæður til golfiðkunar voru töluvert erfiðar þennan dag, enda hvasst og frekar kalt í veðri. Alls tóku 15 golfarar úr lögfræðingastétt þátt í mótinu.

Úrslit urðu þessi:

A. Í keppni um Guðmundarbikarinn (án forgjafar):

1. Hjalti Pálmason, 28 punktar.
2. Rúnar Guðmundsson, 23 punktar.
3. Karl Ó. Karlsson, 21 punktur.

B. Í keppni um Óla Axels bikarinn (með forgjöf):

1. Stefán Pálsson, 34 punktar.
2. Ólafur Gústafsson, 32 punktar – 18 punktar á síðari níu holum.
3. Gestur Jónsson, 32 punktar – 16 punktar á síðari níu holum.

Þar sem Ólafur og Gestur voru með jafn marga punkta eftir 18 holur réði punktafjöldi á síðari níu holum úrslitum.

Fjórleikur við lækna

Líkt og undanfarin ár fór keppnin við

læknana fram á Strandarvelli við Hellu þann 28. júní. Læknar sigruðu með 5,5 vinningum gegn 4,5 og hafa nú sigrað lögfræðinga fjögur ár í röð. Við þessu verður augljóslega að bregðast á næsta ári, eins og lofað hefur verið undanfarin ár.



Stund milli stríða í viðureign lögmanna og lækna þar sem læknar sigruðu okkar menn fjórða árið í röð. Læknar hafa reynst lögmönnum erfiðir viðureignar en áætlanir eru um að spýta í lófa, bretta upp ermar og gera betur að ári.

Fjórleikur við tannlækna

Lögmenn öttu kappi við tannlækna þann 14. júlí sl. og var dagskipun fyrirlíða að endurheimta Dentalex-bikarinn sem hafði tapast í fyrra eftir sjö ára samfellda sigurgöngu lögmanna. Á fögrum grundum Húsatóftavallar í Grindavík unnu lögmenn nokkuð öruggan sigur og er bikarinn góði því kominn heim aftur.

Fjórleikur við endurskoðendur

Leikur við endurskoðendur fór fram miðvikudaginn 12. ágúst á Garðavelli, Akranesi. Veður var gott og endurskoðendur mættu að vanda frískir til leiks. Leikar fóru þannig að liðin lönduðu jafn mörgum stigum í hús, 4-4. Það nægði okkur lögmönnum til að halda bikarinnum góða.



Fv.: Jón Steinar Gunnlaugsson, Sveinn Snorrason, Eyjólfur Kristjánsson og Guðni Á. Haraldsson.

Meistaramót LMFÍ

Meistaramót lögmanna var haldið á Hvaleyrarvelli í Hafnarfirði 20. ágúst sl. en ákveðið var að hafa mótið fyrr á ferðinni til að útiloka slæmt veður. Það gekk ekki eftir því 23 keppendur áttu í mikilli baráttu við vindinn þennan dag sem setti stórt strik í reikninginn. Engu að síður komust allir keppendur lífs af þótt sjálfstraustið hafi verið örlítið marið að leik loknum.

Haukur Örn Birgisson ber heiðurs-titilinn félagsmeistari Lögmannafélags Íslands næsta árið.

Úrslit mótsins urðu þessi:

Án forgjafar

1. Haukur Örn Birgisson 79 högg
2. Stefán Orri Ólafsson 80 högg
3. Jóhannes Eiríksson 84 högg

Með forgjöf

1. Haukur Örn Birgisson 77 högg
2. Stefán Orri Ólafsson 80 högg
3. Ásgeir Ragnarsson 81 högg

Næstur holu 10. braut: Haukur Örn Birgisson 96 cm

Lengsta teighögg á 13. braut: Enginn hittu brautina í rokinu að þessu sinni.

Nefndin þakkar öllum þeim sem tóku þátt í mótum sumarsins og vonast til að sjá enn fleiri næsta sumar.

Með kveðju frá sjálfskipaðri golfnefnd LMFÍ

Námskeið haustannar

Námskeið haustannar

Samruni, yfirtaka og aðrar umbreytingar á rekstrarformi út frá skattareglum 17. nív.

Á námskeiðinu verður fjallað um þær reglur skattaréttar sem gilda við samruna og skiptingu félaga, slit félaga, umbreytingu á rekstrarformi, s.s. við yfirfærslu einstaklingsrekstrar í félagsform, yfirtöku rekstrar við kaup og önnur aðilaskipti að rekstri. Farið verður yfir helstu dóma, úrskurði yfirskattanefndar og ákvarðanir skattyfirvalda um efnið.

Kennari	Garðar G. Gíslason hdl. hjá LEX.
Staður	Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
Tími	Þriðjudagur 17. nóvember 2009, 16:00-19:00.
Verð	Kr. 20.000,- en fyrir félaga í félagsdeild kr. 15.000,-



Helgi I. Jónsson, dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur

Reynslan af sáttamiðlun í einkamálum

Sáttamiðlun fyrir dómi byggist á þeirri grundvallarreglu að málsaðilar undirgangast sáttameðferðina af fúsum og frjálsum vilja. Við sáttaumleitun kemur sáttamiðlari fram sem hlutlaus þriðji maður. Hann er ekki sérstakur ráðgjafi aðila heldur leitast hann við að hjálpa þeim við að finna leiðir til ráða málið til lykta. Sáttamiðlarinn kemur málum þannig fyrir að ábyrgðin hvílir á aðilunum sjálfum við að leita leiða til lausnar deilu sem þeir eru sáttir við. Takist sættir ekki fer málið í aðalmeðferð og hættir þá sáttamiðlarinn afskiptum af málinu og annar dómari tekur við því. Sáttamiðlarinn er bundinn þagnarskyldu varðandi það sem hann hefur komist að við meðferð málsins.

Sátt og samlyndi

Sættir með þessari aðferð má reyna í öllum málaflokkum. Sumir málaflokkar hafa þó reynst falla sérstaklega vel að þessu fyrirkomulagi, svo sem mál þar sem aðilarnir hafa hagsmuni af því að hafa samskipti sín í milli í framtíðinni, svo sem forsjármál, deilur milli nágranna, mál milli verksala og verktaka og föst verslunarviðskipti. Mikilvægt er að hafa í huga að það eru heildarhagsmunir sem skipta öllu máli og mál því oft leyst í víðara samhengi en hinn beinhardi réttarágreiningur tekur til. Oft liggur í augum uppi að það eru sameiginlegir hagsmunir aðilanna að ná

niðurstöðu í sátt og samlyndi með tilliti til þess að þeir þurfa að hafa samskipti sín á milli í framtíðinni. Sjálfgefið er að aðilar verða sjálfir að óska þessarar meðferðar og jafnframt að það sé sameiginlegur vilji þeirra að ná sáttum.

Kostir sáttamiðlunar

Telja verður að þessi málsmeðferð sé fljótvirkari, ódýrari og vinsamlegri en hefðbundin dómstólameðferð og án vafa í góðu samræmi við þá samfélagsþróun að aðilarnir vilji hafa aukin áhrif á meðferð þeirrar deilu sem þeir standa en um er að ræða við hefðbundna málsmeðferð.

Tilkynning dómstólaráðs

Þann 23. apríl 2007 gekk í gildi tilkynning dómstólaráðs nr. 2/2007 um sáttamiðlun fyrir dómi í einkamálum. Samkvæmt tilkynningunni getur héraðsdómari ákveðið að fram fari sáttamiðlun í samræmi við reglur tilkynningarinnar og við ákvörðun um hvort þessi leið verði farin skal litið til afstöðu málsaðila til sáttamiðlunar og þess hversu líklegt sé að sættir takist. Sáttamiðlari leitast við að draga fram þá hagsmuni aðila sem leitt geta til þess að máli verði lokið með sátt. Þá getur hann, ef sérstaklega stendur á, sett fram tillögu að niðurstöðu í máli og bent á atriði í málstað aðila sem máli geta skipt. Jafnframt skal litið til fyrri sáttaumleitana

í málinu og aðstöðu aðila að öðru leyti. Sáttafundir skulu haldnir utan dómsala og fyrir luktum dyrum. Einungis þeir héraðsdómarar sem lokið hafa námskeiði í sáttamiðlun leita satta sem sáttamiðlarar. Langflestir héraðsdómarar hafa lokið ofangreindu námskeiði sem hefur verið haldið tvisvar að tilhlutan dómstólaráðs. Tveir norskir dómara hafa verið fengnir til að kenna á námskeiðunum og eru dómara almennt sammála um að vel hafi þar til tekist.

Góð reynsla en málafjöldi lítill

Komið var upp í Héraðsdómi Reykjavíkur sérstöku herbergi til sáttaumleitana um mitt ár 2008. Dómara við dómstólinn eru vel meðvitaðir um þetta úrræði og hafa nokkrir þeirra reynt þetta fyrirkomulag oftar en einu sinni, en aðrir aldrei. Ekki liggur fyrir tölfræðileg úttekt um fjölda mála, sem farið hafa í þennan farveg frá því áður nefnd tilkynning öðlaðist gildi, en nærri lætur að þau séu í kringum 20 og jafnframt að um 75% þeirra hafi verið lokið með sátt. Þrátt fyrir góða reynslu af þessu úrræði verður að telja málafjöldann lítinn. Ekki skal fullyrt hverju er um að kenna, en dómara hafa haft á orði að lögmenn séu margir hverjir lítt eða ekki meðvitaðir um þennan málsmeðferðarmöguleika. Sé sú raunin ber nauðsyn til þess að bæta þar úr.

BREYTING Á FÉLAGATALI

Ný málflytningaréttindi fyrir Hæstarétti Íslands.

Guðrún Sesselja Arnardóttir hrl.

Mandat lögmannsstofa
Ránargötu 18
101 Reykjavík
Sími: 511-1190

Ný málflytningaréttindi fyrir héraðsdómi.

Guðrún Helga Schopka hdl.

Íslandsbanki hf.
Kirkjusandi 2
155 Reykjavík
Sími: 440-4597

Birkir Már Magnússon hdl.

Sýslumannsembættið á
Sauðárkróki
Suðurgötu 1
550 Sauðárkrókur
Sími: 455-3300

Guðríður Bjarnadóttir hdl.

Skilanefnd Kaupþings
Borgartúni 19
105 Reykjavík
Sími: 444-6198

Pétur Már Jónsson hdl.

Byr sparísjóður
Borgartúni 18
105 Reykjavík
Sími: 575-4056

Andri Gunnarsson hdl.

Deloitte hf.
Smáratorgi 3
201 Kópavogur
Sími: 821-8388

Nýr vinnustaður

Vilhelmína Jónsdóttir hdl.

Lögfræðistofa Reykjavíkur
Borgartúni 26
105 Reykjavík
Sími: 444-7000

Inga Lillý Brynjólfsdóttir hdl.

Löggarður
Kringlunni 7
Sími: 866-8208
103 Reykjavík

Tryggvi Þórhallsson hdl.

Samband íslenskra
sveitarfélaga
Borgartúni 30
128 Reykjavík
Sími: 515-4900

Gunnar Thoroddsen hdl.

LGT Legal Services
Grandagarði 8
101 Reykjavík
Sími: 820-0020

Próstur Ríkharrðsson hdl.

Kaupþing banki hf.
Borgartúni 19
105 Reykjavík
Sími: 412-8900

Ása Arnfríður

Kristjánsdóttir hdl.

Securitas hf.
Síðumúla 33
108 Reykjavík
Sími: 580-7070

Nýtt aðsetur

Lege lögmannsstofa

Ingimar Ingimarsson hdl.
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
Sími: 553-1910

Versus lögmenn

Guðmundur St.
Ragnarsson hdl.
Skiptiholti 50d
105 Reykjavík
Sími: 515-6669

GHP lögmannsstofa ehf.

Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
Sími: 512-1220

Löglýsing ehf.

Porvaldur Emil Jóhannesson
hdl.
Suðurlandsbraut 16
108 Reykjavík
Sími: 892-0772

Stórhús ehf.

Sigurberg Guðjónsson hdl.
Suðurlandsbraut 50, v/Faxafen
108 Reykjavík
Sími: 533-4300

Lögver ehf.

Jón Sigfús Sigurjónsson hdl.
Síðumúla 13
108 Reykjavík
Sími: 569-7070

Námskeið haustannar

Námskeið haustannar

Matsgerðir og önnur sönnunargögn í einkamálum 6.okt.

Á námskeiðinu verður fjallað um sönnunargögn í einkamálum, önnur en munnlegar skýrslur. Fjallað verður almennt um gagnaöflun fyrir og eftir þingfestingu máls, þ. á m. um sönnunargögn sem eru í vörslu gagnaðila eða þriðja manns. Gerð verður grein fyrir einstökum tegundum sönnunargagna og fjallað um sönnunargildi þeirra. Megináhersla verður lögð á matsgerðir og fjallað nokkuð ítarlega um dómkvaðningu matsmanna, matsfundir og matsgerðirnar sjálfar. Einnig verður fjallað um hvernig niðurstöðum matsgerða verði hnekkt. Reifaðir verða ýmsir dómur um matsgerðir, þ. á m. um heimild til dómkvaðningar matsmanna, ágalla á matsgerðum og um sönnunargildi matsgerða í samanburði við sönnunargildi annarra sönnunargagna.

Kennari

Sigurður Tómas Magnússon, hrl. og sérfræðingur við Háskólann í Reykjavík

Staður

Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.

Tími

Þriðjudagur 6. október 2009 kl. 16:00-19:00.

Verð

kr. 20.000,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 15.000,-



VINNUM TÍMA!

Með því að fela TCM-alþjóðainnheimtu innheimtu erlendra skulda opnast aðgangur að fyrsta flokks innheimtuþjónustu hjá yfir 100 traustum TCM innheimtu- og lögfræðistofum um allan heim. Sparaðu tíma og fyrirhöfn – settu þig í samband við okkur.



TCM INNHEIMTA
SUDURLANDSBRAUT 4A
108 REYKJAVÍK
www.tcm.is